



Svanur
Sigurbjörnsson

formaður siðfræðiráðs LÍ
svanurmd@gmail.com

Af siðfræðiráði LÍ – spennandi verkefni framundan

Siðfræðiráð Læknafélags Íslands hefur undanfarna tvo vetur haft í mörg horn að líta. Ráðið hafði endurskoðað *Codex Ethicus* árið 2013 en ýmislegt breyttist eftir að sérstök lög um lækna voru afnumin og mál lækna féllu undir lög um heilbrigðisstarfsmenn. Einnig eru lækna bundnir af ákvæðum laga um landlækni og lýðheilsu. Árið 2006 samdi þáverandi landlæknir, Sigurður Guðmundsson, í samráði við læknafélögin, siðferðilegar fagleiðbeiningar; *Góðir starfshættir lækna*, sem var góð viðbót við siðareglurnar. Líkt og þær hafa fagleiðbeiningar landlæknis lagalegt gildi komi til dómsmála varðandi starf lækna.

Við afnám sérstakra laga um lækna var einnig afnumið sérstakt bann við að lækna auglýstu starfsemi sína nema þegar þeir opnuðu stofu eða fluttu. Nú mega lækna auglýsa en nýr kafli í siðareglunum kveður á um að: [16. gr.] „Við kynningu á læknisþjónustu skal veita nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar og hafa öryggi þeirra að leiðarljósi sem leita eftir þjónustunni. Kynni læknir sjálfan sig og starfsemi [...] skal hann birta eða vísa í siðareglur lækna með aðgengilegum hætti. [20. gr.] Læknir má ekki veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum [...]“

Siðfræðiráðinu er ekki kunnugt um annað en að læknum hafi gengið vel að höndla þetta nýfengna frelsi og þeir hafi ekki farið hamförum í auglýsingum á starfsemi sinni. Þar hjálpar eflaust til að margir lækna þyrftu jafnvel frekar að leyndu starfsemi sinni en hitt, til að minnka vinnuálagið.

Verkfall lækna um áramótin 2014-2015 var hið fyrsta í sögu lækna hérlendis. Það var skynsamlega útfært með stigvaxandi þunga og alltaf var tryggð lágmarks-mönnun og öryggi sjúklinga. Að öllu jöfnu

hefði talist á mælisvert að lækna færu í verkfall en kringumstæðurnar voru um margt sérstakar. Í greiningu ráðsins kom fram að það var einkum þrennt sem knúði á um nauðsyn verkfalls:

Laun lækna höfðu dregist aftur úr í launaþróun háskólamenntaðra starfsstétta.

Alvarlegur læknaskortur var staðreynd víða meðal sérgreina og starfsstöðva. Þetta bitnaði á þjónustu og öryggi vissra sjúklingahópa var í yfirvofandi hættu. Lækna komu ekki heim úr sérnámi og þeir sem heima voru sóttu í vaxandi mæli til útlanda.

Hagsmunir lækna, heilbrigðiskerfisins og skjólstæðinga þeirra fóru saman og það varð að bæta bæði kjör og starfsaðstöðu lækna til að snúa þessari óheillaþróun við.

Í ljósi þessa var mikill stuðningur meðal almennings við kjarabaráttu lækna, sem var einnig hluti af enduruppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Forsvarsmenn stóðu sig vel í hvívetna og ágætar kjarabætur fengust fyrir flesta hópa lækna. Á fundi norrænna siðfræðiráða lækna um haustið kom í ljós almennur skilningur á aðgerðunum þó að ljóst væri að norrænum starfssystkinum okkar þótti mikilvægt að verkfall væri síðasta úrræði.

Siðfræðiráðið hefur nú í tvo vetur staðið að málfundum um siðferðismál í þeim tilgangi að örva og þróa siðferðilega umræðu á meðal lækna. Rætt var um opna rafræna sjúkraskrá, líknardráp / dánaraðstoð og nú í vor á að ræða um kynskipti, en nýtt lagafrumvarp er í smíðum um það málefni. Síðustu ár hefur ráðið lagt inn umsagnir um ýmis frumvörp og reglugerðir í vinnslu, meðal annars um staðgöngumæðrun og upplýsingaskyldu klínískra rannsakernda.

Í október 2016 samþykktu Alþjóðasamtök lækna (WMA) svokallaða Tæpei-

yfirlýsingu um siðræn mál gagnabanka og lífsýnabanka á heilbrigðisviði.¹ Sú yfirlýsing á eflaust eftir að hafa áhrif á lagasetningar um þessi mál víða um heim. Fráfarandi formaður siðfræðiráðsins, Jón Snædal, hefur verið í sterku sambandi við WMA og í samráði við stjórn LÍ hefur verið ákveðið hýsa hér heimsþing WMA haustið 2018. Það verður stór viðburður. Í tengslum við þingið verður tveggja daga ráðstefna um siðferðileg álitamál í heilbrigðisþjónustu, en það er nýjung. Siðferðilegum álitamál fjölga eftir því sem úrræðum fjölga. CRISPR-erfðatæknin vekur fjölmargar spurningar sem við lækna og allt þjóðfélagið þurfum að takast á við tímanlega.

Kennsla í klínískri aðferð; samskiptafræðum, sálfræði og siðfræði heldur áfram að þróast í læknadeild. Bryndís Benediksdóttir, prófessor í námsgreininni, lagði fram í desember 2015 skriflega tillögu til heilbrigðisvísindasviðs HÍ um að sviðið stofnaði fasta kennslustöðu um siðfræði fyrir allt sviðið. Stjórn sviðsins tók vel í erindið en treysti sér ekki til að stofna stöðuna strax. Ráðinn var læknir í heimspækinámi í aðjúnktstöðu þennan vetur til kennslunnar, sem vonandi fær að þróast frekar innan heilbrigðisvísindasviðsins.

Í siðfræðiráði LÍ eru 7 lækna sem fjalla fræðilega um siðferðismál í heilbrigðiskerfinu og eru skipaðir til tveggja ára í senn. Ráðið hvetur þá lækna sem hafa áhuga á því að starfa í ráðinu að senda LÍ bréf. Það eru mörg afar áhugaverð umfjöllunarefni framundan næstu ár og við í ráðinu vonumst til að eiga virkt samband við lækna til framþróunar í siðfræðilegri umræðu stéttarinnar.

1. wma.net/en/30publications/10policies/d1/index.html – mars 2017.